

Samþykktir fyrir Vottunarstofuna Tún ehf.	Skjalanr.	DC 011.2
	Útg. Nr.	17
	Dags.	<u>2026-06-04</u>

Samþykktir

fyrir

Vottunarstofuna Tún ehf.

Samþykktir fyrir Vottunarstofuna Tún ehf.	Skjalanr.	DC 011.2
	Útg. Nr.	17
	Dags.	2026-06-04

Samþykktir fyrir Vottunarstofuna Tún ehf.

1. gr.

Félagið er einkahlutafélag og er nafn þess Vottunarstofan Tún ehf.

2. gr.

Heimilisfang félagsins er í Reykjavík.

3. gr.

Tilgangur félagsins er:

- að þróa og gefa út reglur um sjálfbærar aðferðir við nýtingu náttúruauðlinda og framleiðslu landbúnaðar- og náttúruafurða;
- að annast eftirlit með því og - þegar við á - votta, að reglum þeim, sem um getur í lið a, hafi verið framfylgt af þeim, sem sækir um slíkt eftirlit og vottun;
- að afla reglum og vottunarkerfi því, sem lýst er í liðum a og b, viðurkenningar á innlendum og alþjóðlegum vettvangi;
- að stuðla að aukinni þekkingu meðal framleiðenda og neytenda á sjálfbærum aðferðum;
- rekstur fasteigna og lánastarfsemi.

4. gr.

Hlutfé félagsins er kr. 14.420.000,00 – krónur fjórtán milljónir fjögurhundruð og tuttugu þúsund. Hver hlutur er að fjárhæð ein króna að nafnverði.

5. gr.

Heimilt er að hækka hlutfé félagsins með ályktun hluthafafundar og þarf til sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í sínum eigin flokkum í hlutfalli við skráða hlutfjáreign sína. Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutfjár.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal stjórnin hafa heimild til að taka ákvörðun um hækkun hlutfjár að fjárhæð kr. 10.000,00 að nafnverði, með áskrift nýrra hluta.

6. gr.

Stjórn félagsins skal halda hlutaskrá samkvæmt lögum.

7. gr.

Eigendaskipti að hlutum í félaginu öðlast ekki gildi gagnvart því fyrr en stjórn þess hefur verið tilkynnt um það skriflega eða þau hafa verið færð í gerðabók einkahlutafélags eins aðila. Stjórn félagsins hefur forkaupsrétt fyrir félagsins hönd að fölum hlutum. Að félaginu frágengnu hefur hluthafi forkaupsrétt að hlutum í hlutfalli við hlutfjáreign sína. Verði ágreiningur um verð hluta skal það ákveðið með mati tveggja óvilhallra manna sem dómkvaddir skulu til þess starfa. Forkaupsréttarhafi hefur tveggja mánaða frest til

Samþykktir fyrir Vottunarstofuna Tún ehf.	Skjalanr.	DC 011.2
	Útg. Nr.	17
	Dags.	2026-06-04

að beita forkaupsrétti sínum og telst fresturinn frá tilkynningu til stjórnar um tilboð. Þá mega eigi líða fleiri en þrír mánuðir frá því að kaup voru ákveðin þar til kaupverð er greitt.

Eigendaskipti vegna erfða eða búskipta lúta ekki framangreindum forkaupsréttarreglum. Óheimilt er að veðsetja eða gefa hluti í félaginu án samþykkis félagsstjórnar.

Ef einkahlutafélag, sem er skráð í eigu fleiri en eins aðila, kemst á hendur eins aðila skal tilkynna hlutafélagaskrá það.

8. gr.

Félagið má eigi veita lán út á hluti sína. Félaginu er heimilt að kaupa eigin hluti að því marki sem lög leyfa. Óheimilt er að neyta atkvæðisréttar fyrir þá hluti sem félagið á sjálft.

9. gr.

Hluthafi ber ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu.

10. gr.

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum lögmætra hluthafafunda.

11. gr.

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok ágúst ár hvert.

Aukafundi skal halda eftir ákvörðun stjórnar eða að kröfu hluthafa sem ráða a.m.k. einum tíunda hluta hlutafjár í félaginu. Skal krafan skriflega gerð og fundarefni tilgreint og fundur boðaður þá innan fjórtán daga. Ef stjórnin skirrist við að boða fund eftir móttöku slíkrar kröfu má leita atbeina ráðherra samkvæmt 62. gr. ehfl.

12. gr.

Félagsstjórn skal boða til hluthafafunda með tilkynningu til hvers hluthafa í ábyrgðarbréfi, tölvupósti gegn staðfestingu á móttöku eða á annan jafnsannanlegan hátt. Aðalfund skal boða með minnst tíu daga fyrirvara en aukafund með minnst sjö daga fyrirvara. Fundarefnis skal getið í fundarboði.

Hluthafafundur er lögmætur ef hann er löglega boðaður og hann sækja hluthafar eða umboðsmenn þeirra sem hafa yfir að ráða helmingi hlutafjár í félaginu að minnsta kosti. Verði fundur ólögmætur vegna annmarka að þessu leyti skal boðað til nýs fundar innan mánaðar með sjö daga fyrirvara og verður sá fundur lögmætur til að ræða þau mál sem ræða átti á fyrri fundinum ef hann sækja tveir hluthafar eða fleiri eða umboðsmenn þeirra enda ráði þeir yfir fimmtungi hlutafjár í félaginu hið minnsta.

13. gr.

Eitt atkvæði fylgir hverri einni krónu í hlutafé. Hluthafar geta með skriflegu umboði veitt umboðsmönnum heimild til að sækja hluthafafund og fara með atkvæðisrétt sinn.

Á hluthafafundi ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé fyrir mælt í landslögum eða samþykktum þessum. Samþykki allra hluthafa þarf til þess:

Samþykktir fyrir Vottunarstofuna Tún ehf.	Skjalanr.	DC 011.2
	Útg. Nr.	17
	Dags.	2026-06-04

- a. að skylda hluthafa til að leggja fram fé í félagsþarfir fram yfir skuldbindingar sínar,
- b. að takmarka heimild manna til meðferðar á hlutum sínum,
- c. að breyta tilgangi félagsins að verulegu leyti eða
- d. að breyta ákvæðum samþykktanna um hlutdeild manna í félaginu eða jafnrétti þeirra á milli.

Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins eða um sameiningu þess við önnur félög eða fyrirtæki má ekki taka til meðferðar á fundum þess nema þess hafi verið getið í fundarboði.

14. gr.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Stjórn félagsins skal skýra frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.
 2. Efnahagsreikningur og rekstrarreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skulu lagðir fram ásamt athugasemdum endurskoðanda félagsins til samþykktar.
 3. Stjórn félagsins skal kjörin og endurskoðandi.
 4. Tekin skal ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.
 5. Ákvörðun skal tekin um greiðslur til stjórnar- og skoðunarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.
 6. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.
- Verði hluthafi einn skal hann taka ákvarðanir skv. 59. gr. ehfl.

15. gr.

Fundargerðarbók skal haldin og í hana skráð það sem gerist á hluthafafundum.

16. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum og fimm til vara, kjörnum árlega á aðalfundi til eins árs í senn. Um hæfi stjórnarmanna fer að lögum.

Kjörnir stjórnarmenn skulu kosnir hlutfallskosningu á aðalfundi ár hvert, aðalmenn fyrst, en varamenn síðan. Hver aðalmaður í stjórn skal hafa rétt til að ákveða hvaða varamaður taki sæti sitt í félagsstjórn ef hann fellur frá eða forfallast. Um margfeldiskosningu stjórnarmanna skal fara eftir ákvæðum laga um einkahlutafélög. Stjórnarformaður kveður stjórnina til funda og stýrir þeim. Fundi skal halda hvenær sem hann telur þess þörf. Formanni er auk þess skylt að boða stjórnarfund að kröfu eins stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra. Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja manni. Undirskriftir þriggja stjórnarmanna skuldbinda félagið. Stjórnarfundir eru lögmatir er fjórir stjórnarmenn sækja fund. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum. Framkvæmdastjóri félagsins situr stjórnarfundum, annast ritun fundargerða og hefur málfrelsi og tillögurétt.

Samþykktir fyrir Vottunarstofuna Tún ehf.	Skjalanr.	DC 011.2
	Útg. Nr.	17
	Dags.	2026-06-04

17. gr.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Formaður boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Sama rétt á framkvæmdastjóri. Stjórnarfundur er heimilt að halda með aðstoð fjarfundarbúnaðar. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

18. gr.

Stjórn félagsins, ef hún telur svo þörf, ræður framkvæmdarstjóra og ákveður starfskjör hans. Stjórn veitir og prókúruumboð fyrir félagið. Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir hönd þess í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald og ráðningu starfsliðs. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum eða skoðunarmönnum allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

19. gr.

Á aðalfundi félagsins skal kjósa einn eða fleiri löggilta endurskoðendur eða skoðunarmenn ásamt varamönnum. Skulu þeir rannsaka reikninga félagsins fyrir hvert starfsár og leggja niðurstöður sínar fyrir aðalfund. Endurskoðendur eða skoðunarmenn má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins.

20. gr.

Starfsár og reikningsár er almanaksárið. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreikninga og lagt fyrir endurskoðendur eða skoðunarmenn eigi síðar en einum mánuði fyrir aðalfund.

21. gr.

Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu. Hluthafar þurfa ekki að sæta innlausn hluta sinna nema lög standi til annars.

22. gr.

Samþykktum þessum má breyta á lögmætum aðalfundi eða aukafundi með 2/3 hlutum greiddra atkvæða, svo og með samþykki hluthafa sem ráða yfir a.m.k. 2/3 hlutum af því hlutafé í félaginu sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, enda sé annað atkvæðamagn ekki áskilið í samþykktum eða landslögum, sbr. 68. gr. ehfl.

23. gr.

Með tillögur um slit og skipti á félaginu skal fara sem um breytingar á samþykktum þessum. Þarf atkvæði hluthafa sem ráða minnst 2/3 hlutum af heildarhlutafé félagsins til að ákvörðun um slit sé gild. Hluthafafundur, sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit eða skipti félagsins, skal einnig ákveða ráðstöfun eigna og greiðslu skulda.

Samþykktir fyrir Vottunarstofuna Tún ehf.	Skjalanr.	DC 011.2
	Útg. Nr.	17
	Dags.	<u>2026-06-04</u>

24. gr.

Þar sem ákvæði samþykkt þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga um einkahlutafélög, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

Þannig samþykkt á aðalfundi félagsins í Reykjavík 28. apríl 1995, með breytingum hinn 24. mars 1997, hinn 25. maí 1998, 1999 sbr. tilkynningu til Hluta félagskrár dags. 10. desember 1999 um hækkun hlutafjár, hinn 29. ágúst 2003, hinn 2. júní 2006, hinn 21. maí 2007, hinn 19. mars 2010, hinn 27. ágúst 2013, hinn 24. ágúst 2015, hinn 26. ágúst 2016, hinn 22. ágúst 2018, hinn 27. ágúst 2019 og hinn 26. ágúst 2020, og á stjórnarfundum í félaginu, sbr. heimild í 30. gr. 3. mgr. laga nr. 138/1994, hinn 13. desember 2000, hinn 12. desember 2001, hinn 16. september 2015, hinn 18. september 2017, hinn 30. júní 2021, hinn 29. ágúst 2024 og hinn 4. júní 2026.

Undirritað af stjórn og/eða prókúruhafa Vottunarstofunnar Túns ehf.

Reykjavík, 4. júní 2026

Finnur Sveinsson

kt. 110966-4749

formaður stjórnar og prókúruhafi

Undirritunarsíða

Finnur Sveinsson, stjórnarformaður Vottunar...¹⁾
Finnur Sveinsson

1) Finnur Sveinsson, stjórnarformaður Vottunarstofunnar Túns